

Miðvikudaginn 14. maí 1975.

Nr. 30/1975. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn

Ingvari Diðrik Júníussyni

(Árni Grétar Finnsson hrl.).

Dómendur:

hæstaréttardómaraarnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr,
Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson.

Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Með vísun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun málsins, þ. á m. saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000 krónur, og laun skipaðs talsmanns hans fyrir Hæstarétti, 20.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Ingvar Diðrik Júníusson, greiði allan kostnað við áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000 krónur, og laun skipaðs talsmanns hans fyrir Hæstarétti, Árna Grétars Finnssonar hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 29. ágúst 1974.

Ár 1974, fimmtudaginn 29. ágúst, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Sverri Einarssyni sakadómsara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 408/1974: Ákærvaldið gegn Ingvari Diðrik Júníussyni, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er höfðað með ákæruskjali saksóknara ríkisins, dagsettu 20. maí 1974, gegn ákærða, „Ingvari Diðrik Júníussyni sjómanni,

Brautarholti 22, Reykjavík, fæddum 21. nóvember 1933 í Keflavík, fyrir þjófnað með því að stela föstudagnóttina 28. desember 1973 frá Sævari Ægissyni, Tangagötu 31, Ísafirði, peningaveski, sem hafði að geyma m. a. kr. 15.000.00 í peningum, og fór taken fram fyrir utan samkomuhúsið Þórscafé í Reykjavík, eftir að ákærði hafði orðið þess var, að Sævar hafði misst veskið í götuna.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Málavextir eru þessir samkvæmt játningu ákærða fyrir dómi og öðrum gögnum málsins.

Aðfaranótt föstudagsins 28. desember 1973, um klukkan 1, var ákærði Ingvar Diðrik Júníusson staddur fyrir utan samkomuhúsið Þórscafé í Reykjavík. Hann var talsvert ölvaður. Þarna hitti ákærði Sævar Ægisson, Tangagötu 31 á Ísafirði. Sævar bauð ákærða áfengi að drekka, og þáði hann það. Á meðan þeir ræddu saman, rann Sævar til á sveibunka, og við það, að hann laut áfram, hrökk veski hans úr brjóstvasanum. Ákærði sá þetta og steig ofan á veskið, en tók það síðan upp og stakk því í vasa sinn í þeim tilgangi að slá eign sinni á það. Eftir þetta tók ákærði leigubifreið og fór með henni niður á Hlemmtorg, en þar tók ákærði aðra leigubifreið og fór með henni að Vesturgötu 26. Áður en ákærði tók síðari leigubifreiðina, hafði hann kannað innihald veskisins, en í því voru m. a. 15.000 krónur í þremur fimm þúsund króna seðlum, sem ákærði tók úr því, en sjálfu veskinu henti ákærði út úr síðari bifreiðinni í grennd við Hlemmtorg.

Ákærði gerði upp síðari leigubifreiðina með 200 krónum af einum seðlinum, og í húsinu Vesturgötu 26 greiddi hann Aðalsteini Hjálmarssyni, þar til heimilis, 5.000 króna skuld með öðrum seðli. Ákærði fór eftir þetta niður á bifreiðastæði á mótum Austurstrætis og Aðalstrætis, en þar var hann handtekinn síðar um nóttina. Hann var með afganginn af peningunum á sér við handtökuna.

Ákærði skilaði sjálfur 10.000 krónum, og Aðalsteinn Hjálmarsson skilaði þeim 5.000 krónum, sem ákærði greiddi honum. Komust því allir peningarnir til skila.

Sævar Ægisson hefur ekki haft uppi skaðabótakröfu á hendur ákærða vegna töku veskisins.

Atferli ákærða, sem rakið hefur verið hér að framan, er sannað

með játningu hans sjálfs og öðrum gögnum í máli þessu. Hefur ákærði með því orðið brotlegur gegn 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt kærum og refsingum sem hér segir:

- 1951 11/6 í Reykjavík: Áminning fyrir ölvun á almannafæri.
- 1952 9/4 í Reykjavík: Dómur: 8 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 2 ár, sviptur kosningarétti og kjörgengi, fyrir brotn gegn 244. og 247. gr. hegningarlaga, bifreiðalögum og umferðarlögum. Sviptur rétti til ökuskírteinis í 6 mánuði.
- 1952 16/4 í Reykjavík: Sátt, 75 kr. sekt fyrir brot á 18. gr. áfengislaga.
- 1953 16/1 í Reykjavík: Sátt, 75 kr. sekt fyrir brot á 17. gr. áfengislaga.
- 1953 20/6 í Reykjavík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot á 18. gr. áfengislaga.
- 1953 19/10 í Reykjavík: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 14. gr. áfengislaga.
- 1953 20/10 í Reykjavík: Dómur: Fangelsi 4 mánuði, sviptur kosningarétti og kjörgengi, fyrir brot á 206. gr. hegningarlaga.
- 1954 8/6 í Reykjavík: Sátt, 250 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1954 20/8 í Reykjavík: Áminning fyrir ölvun og áreitni.
- 1954 28/10 í Reykjavík: Dómur: 1.200 kr. sekt, sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi ævilangt, fyrir brot á 20. og 23. gr. bifreiðalaga.
- 1954 25/11 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1954 7/12 í Reykjavík: Dómur Hæstaréttar í máli frá 20/10 1953. Undirréttardómurinn staðfestur.
- 1956 8/3 í Reykjavík: Dómur: 5 mánaða fangelsi, sviptur kosningarétti og kjörgengi, fyrir brot á 244. og 254. gr. hegningarlaga.
- 1956 23/6 í Reykjavík: Sátt. Ekki gerð refsing vegna dóms frá 8. mars 1956, en greiði 2.250 kr. skaðabætur, fyrir brot á 217. gr. hegningarlaga.
- 1956 10/10 í Reykjavík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

- 1957 17/1 í Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun á almanna-
færi.
- 1957 3/5 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun á almanna-
færi.
- 1957 4/11 í Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun á almanna-
færi. 1.000 kr. skaðabætur fyrir spellvirki.
- 1957 7/11 í Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun á almanna-
færi.
- 1958 2/1 í Reykjavík: Áminning fyrir brot á 20. gr. áfengis-
laga.
- 1958 15/2 í Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun.
- 1958 13/3 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
- 1959 23/1 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun.
- 1959 20/2 í Reykjavík: Dómur: 4 mánaða fangelsi, sviptur rétt-
indum, fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.
- 1960 21/3 í Reykjavík: Sátt, 1.350 kr. sekt fyrir árás, ölvun og
óspektir.
- 1960 6/10 í Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
- 1960 8/11 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
- 1961 7/6 í Hafnarfirði: Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun.
- 1961 6/9 í Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun.
- 1961 21/12 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun.
- 1962 24/5 í Reykjavík: Sátt, 7.500 kr. sekt fyrir brot á tollögum
og kansellíbréfi frá 16. september 1796.
- 1962 18/7 í Reykjavík: Sátt, 400 kr. sekt fyrir ölvun.
- 1963 26/6 í Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun.
- 1963 10/8 í Hafnarfirði: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun.
- 1963 17/9 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun.
- 1965 2/3 í Reykjavík: Dómur: 45 daga fangelsi fyrir brot á
254. gr. hegningarlaga.
- 1965 18/3 í Vestmannaeyjum: Áminning fyrir brot á 21. gr.
áfengislaga.
- 1965 24/4 í Reykjavík: Sátt, 1.000 kr. sekt fyrir ölvun og óleyfi-
lega meðferð skotvops.
- 1965 21/10 í Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir ölvun.
- 1966 1/6 í Reykjavík: Dómur: Sýknaður fyrir brot gegn 244.
gr. hegningarlaga.
- 1966 21/9 í Reykjavík: Dómur: Fangelsi í 3 mánuði fyrir brot
gegn 254. gr. hegningarlaga.
- 1966 13/9 í Reykjavík: Sátt, 700 kr. sekt fyrir brot á 21. gr.
áfengislaga og 78. gr. lögreglusamþykktar.

- 1966 12/11 í Reykjavík: Dómur: Fangelsi í 30 daga fyrir brot gegn 259. gr. hegningarlaga, 25. og 27. gr. umferðarlaga.
- 1967 23/11 í Reykjavík: Dómur: 10 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 1. mgr. 155. gr. og 244. gr. hegningarlaga.
- 1968 6/12 í Reykjavík: Dómur: 2 mánaða fangelsi fyrir brotn gegn 244. gr. hegningarlaga (hegningarauki).
- 1968 17/12 í Reykjavík: Sátt, 400 kr. sekt fyrir brot á lögum nr. 73/1952.
- 1969 11/4 í Reykjavík: Dómur: 2ja ára og 6 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 1. mgr. 155. gr. hegningarlaga.
- 1972 13/11 í Reykjavík: Dómur: 6 mánaða fangelsi fyrir brot á 244. gr. og 248. gr. hegningarlaga.
- 1973 20/6 í Reykjavík: Dómur: 6 mánaða fangelsi (hegningarauki) fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.

Af sakaferli ákærða, sem hér hefur verið rakinn, má ráða, að hann sé vanaafbrotamaður. Þykir refsing hans með tilvísun til 72. gr. og 255. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin fangelsi í 6 mánuði.

Þá ber að dæma ákærða samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 73/1973 um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað.

Dómsorð:

Ákærði, Ingvar Diðrik Júníusson, sæti fangelsi í 6 mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.